

**Fylgiskjal I.****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 717/2007**

frá 27. júní 2007

**um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun 2002/21/EB**

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

- 2) Tilurð evrópsks félags-, mennta- og menningarsvæðis, sem byggist á hreyfanleika einstaklinga, ætti að greiða fyrir samskiptum milli fólks til að byggja upp raunverulega „Evrópu fyrir borgarana“.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

- 3) Markmiðið með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang)<sup>(1)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun)<sup>(2)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun)<sup>(3)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu)<sup>(4)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti)<sup>(5)</sup> (hér á eftir nefndar regluramminn frá 2002 um rafræn fjarskipti) er að skapa innri markað fyrir rafræn fjarskipti innan Bandalagsins en tryggja um leið öfluga neytendavernd samfara aukinni samkeppni.

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans<sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hið háa verð, sem notendur almennra farsímaneta, s.s. námsmenn, ferðamenn í viðskiptaerindum og ferðamenn þurfa að greiða þegar þeir nota farsíma sína á ferðalögum erlendis innan Bandalagsins, er innlendum stjórnvöldum áhyggjuefni, sem og neytendum og stofnunum Bandalagsins. Hin óhóflugu smásölugjöld eru afleiðing hárra heildsölugjalda sem erlendum rekstraraðili hýsinetsins leggur á og einnig, í mörgum tilvikum, afleiðing hárrar smásöluálagningar sem rekstraraðili nets viðskiptavinarins leggur á. Lækkun heildsölugjalda skilar sér oft ekki til viðskiptavinarins sem kaupir í smásölu. Þó svo að sumir rekstraraðilar hafi nýlega kynnt gjaldskrárkerfi, þar sem viðskiptavinum eru boðin hagstæðari skilyrði og lægra verð, eru enn vísbendingar um að tengsl milli kostnaðar og verðs séu slík að þau myndu ekki halda velli á markaði þar sem full samkeppni ríkti.

- 4) Þessi reglugerð er ekki einangruð ráðstöfun heldur kemur til fyllingar og styður, að því er varðar reiki innan Bandalagsins, reglurnar sem kveðið var á um í reglurammanum um rafræn fjarskipti frá 2002. Sá regluramminn hefur ekki veitt innlendum stjórnvöldum nægileg úrræði til að grípa til skilvirkra og afgerandi aðgerða, með tilliti til verðlagningar á reikiþjónustu innan Bandalagsins, og hefur því ekki tryggt snurðulausa starfsemi innri markaðarins fyrir reikiþjónustu. Þessi reglugerð er viðeigandi leið til að bæta úr þessu ástandi.

<sup>(1)</sup> Stjótið. ESB C 324, 30.12.2006, bls. 42.<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 23. maí 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórtíðningi ESB) og ákvörðun ráðsins frá 25. júní 2007.<sup>(3)</sup> Stjótið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.<sup>(4)</sup> Stjótið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.<sup>(5)</sup> Stjótið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.<sup>(6)</sup> Stjótið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.<sup>(7)</sup> Stjótið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2006/24/EB (Stjótið. ESB L 105, 13.4.2006, bls. 54).

- 5) Regluramminn um rafræn fjarskipti frá 2002 byggist á þeirri meginreglu að lögboðnu skyldurnar, sem lagðar eru á fyrirfram, skuli einungis lagðar á ef ekki er um virka samkeppni að ræða, þar sem kveðið er á um ferli sem felur í sér reglubundna markaðsgreiningu og endurskoðun skyldna af hálfu innlendra stjórnvalda, sem leiðir til þess að skyldur eru lagðar fyrirfram á rekstraraðila sem teljast hafa verulegan markaðsstyrk. Til þáttanna í þessu ferli telst skilgreining á viðkomandi mörkuðum, í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup> um viðkomandi markaði fyrir vörur og þjónustu á sviði rafræna fjarskipta sem til álita kemur að setja reglur um fyrirfram í samræmi við tilskipun 2002/21/EB (hér á eftir nefnd tilmælin), greining á mörkuðum, sem eru skilgreindir í samræmi við viðmiðunarreglur framkvæmdastjórnarinnar um markaðsgreiningu, og mat á verulegum markaðsstyrk samkvæmt regluramma Bandalagsins um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu<sup>(2)</sup>, tilnefning rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk og að skyldur verði lagðar fyrirfram á rekstraraðila sem tilnefndir eru sem slíkir.
- 6) Í tilmælunum er innlendir heildsölumarkaður fyrir alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum tilgreindur sem markaður þar sem til álita kemur að setja reglur fyrirfram. Hins vegar hefur vinnan, sem innlend stjórnvöld (bæði á eigin vegum og innan evrópsks hóps eftirlitsaðila) hafa innt af hendi við að greina innlenda heildsölumarkaði fyrir alþjóðlegt reiki, leitt í ljós að það hefur ekki enn verið mögulegt fyrir innlent stjórnvald að taka með skilvirkum hætti á hinum háu heildsölugjöldum fyrir reiki innan Bandalagsins þar sem erfitt er að bera kennsl á þau fyrirtæki sem hafa verulegan markaðsstyrk í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkja varðandi alþjóðlegt reiki, þ.m.t. að þjónustan er, eðli málsins samkvæmt, veitt yfir landamæri.
- 7) Að því er varðar veitingu alþjóðlegrar reikiþjónustu í smásölu er í tilmælunum enginn smásölumarkaður með alþjóðlegt reiki tilgreindur sem viðeigandi markaður, m.a. sökum þess að alþjóðleg reikiþjónusta á smásölu er ekki keypt sérstaklega heldur er hún einungis einn þáttur í stærri smásölupakka sem viðskiptavinir kaupa hjá þjónustuveitanda heimanets síns.
- 8) Auk þess geta innlendu stjórnvöldin, sem bera ábyrgð á því að standa vörð um og stuðla að hagsmunum viðskiptavina sem nýta sér farsímaþjónustu og búa að öllu jöfnu á yfirráðasvæði þeirra, ekki stjórnað hegðun rekstraraðila heimsóttá netsins sem eru staðsettir í öðrum aðildarríkjum og sem viðskiptavinirnir treysta á þegar þeir nota alþjóðlega reikiþjónustu. Þessi hindrun gæti einnig dregið úr áhrifum ráðstafana sem aðildarríkin gripa til á grundvelli sérstaks valds þeirra til að samþykkja reglur um neytendavernd.
- 9) Þar af leiðandi er þrýst á að aðildarríkin gripi til ráðstafana til að bregðast við háum gjöldum á alþjóðlegu reiki en það fyrirkomulag sem innlend stjórnvöld geta notað til að gripa inn í fyrirfram með reglusetningu, sem kveðið var á um í reglurammanum frá 2002 um rafræn fjarskipti, hefur ekki reynst fullnægjandi til að gera þessum yfirvöldum kleift að bregðast við með afgerandi hætti í þágu neytenda á þessu sérstaka sviði.
- 10) Í ályktun Evrópuþingsins um reglusetningu og markaði á sviði rafræna fjarskipta í Evrópu frá 2004<sup>(3)</sup> var þess enn fremur farið á leit við framkvæmdastjórnina að hún þróaði ný framtaksverkefni til að draga úr miklum kostnaði við farsímaumferð yfir landamæri en á fundi leiðtogaáráðsins 23. og 24. mars 2006 var komist að þeirri niðurstöðu að hnitmiðuð, skilvirk og samþætt stefna að því er varðar upplýsinga- og fjarskiptatækni, bæði á evrópskum og innlendum vettvangi, sé mikilvæg til að ná fram endurnýjuðum markmiðum Lissabon-áætlunarinnar um hagvöxt og framleiðni og þar var einnig bent á hversu mikilvægt það væri fyrir samkeppnishæfni að lækka reikigjöld.
- 11) Reglurammanum um rafræn fjarskipti frá 2002 var, á grundvelli álitaefta sem voru fyrir hendi á þeim tíma, ætlað að ryðja úr vegi öllum viðskiptahindrunum milli aðildarríkjanna á því sviði sem verið var að samræma, m.a. ráðstafanir sem hafa áhrif á reikigjöld. Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir að samþykktar verði samræmdar reglur, sem eru samstíga öðrum álitaeftum, í því skyni að koma auga á skilvirkustu leiðirnar til að ná fram öflugri neytendavernd samfara því að bæta skilyrðin fyrir starfsemi innri markaðarins.
- 12) Því skal breyta reglurammanum um rafræn fjarskipti frá 2002, einkum rammtilskipuninni, til að unnt sé að víkja frá þeim reglum sem annars gilda, þ.e. að verð fyrir boðna þjónustu skuli ákvarðað með viðskiptasamningi þegar sterk markaðsstaða er ekki fyrir hendi og gera þannig kleift að innleiða frekari lögboðnar skyldur sem endurspeglar sérstök einkenni reikiþjónustu innan Bandalagsins.
- 13) Smásölu- og heildsölumarkaðurinn með reiki búa yfir einstökum einkennum sem réttlæta sérstakar ráðstafanir sem ganga lengra en þær aðferðir sem eru annars í boði samkvæmt reglurammanum um rafræn fjarskipti frá 2002.

<sup>(1)</sup> Stjóð. ESB L 114, 8.5.2003, bls. 45.

<sup>(2)</sup> Stjóð. EB C 165, 11.7.2002, bls. 6.

<sup>(3)</sup> Stjóð. ESB C 285 E, 22.11.2006, bls. 143.

- 14) Lögboðnar skyldur skulu bæði lagðar á smásölu og heildsölu til að verja hagsmuni reikivíðskiptavina en reynslan hefur sýnt að lækkanir á heildsöluverði fyrir reikijónustu innan Bandalagsins skilar sér ekki í lægra smásöluverði á reikijónustu þar sem ekki er hvatt til þess að svo verði. Á hinn bóginn gætu aðgerðir til að lækka smásöluverð, án þess að tillit sé tekið til heildsöluverðs í tengslum við veitingu þessarar þjónustu, orðið til þess að raska skipulegri starfsemi reikimarkaðarinnar innan Bandalagsins.
- 15) Þessar lögboðnu skyldur skulu taka gildi eins fljótt og auðið er, en þó veita hlutaðeigandi rekstraraðilum eðlilegan tíma til að aðlaga verð og þjónustu til að tryggja að þær séu uppfylltar, og þær skulu gilda beint í öllum aðildarríkjunum.
- 16) Beita skal sameiginlegri aðferð til að tryggja að notendur almennra jarðfarsímaneta á ferðalagi innan Bandalagsins borgi ekki óhóflegt verð fyrir reikijónustu innan Bandalagsins þegar þeir hringja eða taka á móti samtölum í talsímaþjónustu og ná þannig fram öflugri neytendavernd en tryggja um leið samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta og hvatningu til nýsköpunar og vals neytenda. Í ljósi þess að þjónustan, sem um ræðir, er, eðli málsins samkvæmt, veitt yfir landamæri er þörf á slíkri sameiginlegri aðferð til að rekstraraðilar farsímaneta geti starfað innan eins samfellds regluramma sem byggist á viðmiðunum sem settar eru með hlutlægum hætti.
- 17) Skilvirkasta og hæfilegasta aðferðin til að setja reglur um verð fyrir að hringja og taka á móti reikisímtölum innan Bandalagsins er að setja á vettvangi Bandalagsins hámarksminútugjald í heildsölu og takmarka gjöld í smásölu með því að innleiða Evrópugjaldskrá (Eurotariff). Meðalheildsölugjald skal gilda milli hvers tveggja rekstraraðila innan Bandalagsins á tilteknu tímabili.
- 18) Evrópugjaldskráin skal vera þannig að tryggð sé nægileg álagning fyrir rekstraraðila og hvatt til samkeppni í framboði á reiki á lægra verði. Rekstraraðilar skulu vera virkir í því að bjóða Evrópugjaldskrá til allra reikivíðskiptavina sinna án gjalds á skýran og gagnsæjan hátt.
- 19) Þessi aðferð sem felur í sér reglusetningu skal tryggja að smásölugjöld fyrir reiki innan Bandalagsins endurspeglí á sanngjarnari hátt en áður undirliggjandi kostnað við að veita þessa þjónustu. Hámarksgjöld í Evrópugjaldskránni, sem reikivíðskiptavinum stendur til boða, skulu því endurspeglja sanngjarna álagningu umfram heildsöluverð að veita reikijónustu en jafnframt skal veita rekstraraðilum frelsi til samkeppni með því að greina á milli tilboða þeirra og aðlaga verðlagningu þeirra að markaðsaðstæðum og vali neytenda. Þessi aðferð sem felur í sér reglusetningu skal ekki gilda um virðisaukandi þjónustu.
- 20) Þessi aðferð sem felur í sér reglusetningu skal vera einföld í framkvæmd og eftirliti til að halda stjórnsýslubyrði í lágmarki, bæði að því er varðar þá rekstraraðila sem verða fyrir áhrifum vegna krafna í tengslum við hana og innlend stjórnvöld sem falið er eftirlit og framkvæmd hennar. Hún skal einnig vera gagnsæ og auðskiljanleg öllum farsímanotendum innan Bandalagsins. Enn fremur skal hún vera áreiðanleg og fyrirsjáanleg gagnvart rekstraraðilum sem veita heild- og smásöluþjónustu á reiki. Í þessari reglugerð skal því tilgreina fjárhæð hámarksminútugjalds fyrir heild- og smásölu.
- 21) Hæsta meðalminútugjald í heildsölu, sem tilgreint er þannig, skal miðað við mismunandi þætti sem felast í að hringja reikisímtal innan Bandalagsins, einkum upphafsgjald samtala og gjald fyrir lúkningu samtala á farsímanetum, þ.m.t. fastakostnaður og kostnaður við merkjasetningar og umflutning. Hentugasta viðmiðunin fyrir upphafsgjald og lúkningu þeirra er meðallúkningarverð fyrir rekstraraðila farsímaneta innan Bandalagsins sem byggist á upplýsingum sem innlend stjórnvöld veita og framkvæmdastjórnin birtir. Hæsta meðalminútugjald, sem sett er með þessari reglugerð, skal því ákvarðað að teknu tilliti til meðalverðs fyrir lúkningu samtala í farsíma sem er viðmiðun fyrir kostnaðinn sem í þeim felst. Hæsta meðalminútugjald í heildsölu skal lækkað árlega með hliðsjón af lækkan á lúkningarverði samtala í farsíma sem innlend stjórnvöld ákveða.
- 22) Með Evrópugjaldskránni fyrir smásölu er víðskiptavinum reikijónustu veitt trygging fyrir því að þeir þurfi ekki að borga óhóflegt verð þegar þeir hringja eða taka á móti reikisímtali sem reglurnar eru settar um en rekstraraðilum heimanetsins (home operators) jafnframt gefið nægilegt svigrúm til að greina milli varanna sem þeir bjóða víðskiptavinum sínum.
- 23) Allir neytendur skulu eiga möguleika á að velja, án viðbótargjalds eða skilyrða, einfalt reikigjald sem er ekki hærra en verðið sem reglurnar gilda um. Sanngjarn munur á heildsöluverði og smásöluverði skal tryggja að rekstraraðilar standi straum af öllum tilteknum reikikostnaði sínum í smásölu, þ.m.t. viðeigandi hluti markaðskostnaðar og niðurgreiðsla símtækja, og haldi eftir viðunandi afgangi til að skila sanngjörnum arði. Evrópugjaldskrá er viðeigandi leið til að vernda neytendur og veita rekstraraðilum sveigjanleika. Hámarksverð í Evrópugjaldskránni skulu lækka árlega í takt við heildsöluverð.

- 24) Nýir reikiviðskiptavinir skulu upplýstir að öllu leyti um þau reikigjöld, sem eru fyrir hendi innan Bandalagsins, þ.m.t. gjöld sem eru í samræmi við Evrópugjaldskrána. Innan tiltekins tímaramma skal þeim viðskiptavinum, sem þegar nota reikijónustu, gefinn kostur á að velja nýja gjaldskrá sem er í samræmi við Evrópugjaldskrána eða aðra reikigjaldskrá. Ef viðskiptavinir, sem þegar nota reikijónustu, hafa ekki ákveðið val sitt innan þessa tímaramma er rétt að gera greinarmun á þeim sem höfðu þegar valið tiltekna reikigjaldskrá eða -pakka, áður en þessi reglugerð tók gildi, og þeim sem ekki höfðu ákveðið sig. Þeim síðarnefndu skal sjálfkrafa veitt gjaldskrá sem er í samræmi við þessa reglugerð. Reikiviðskiptavinir, sem þegar njóta góðs af sérstakri reikigjaldskrá eða -pökkum sem henta einstaklingsbundnum kröfum þeirra og þeir hafa valið út frá þeim, skulu halda þeirri gjaldskrá eða þeim pakka, sem þeir höfðu áður valið, ef þeir láta hjá líða að velja annað, innan viðeigandi tímamarka, eftir að þeir hafa verið minntir á þau gjaldskrárskilyrði sem þeir eru bundnir af. Meðal slíkra tiltekinna reikigjaldskráa eða -pakka geta t.d. verið föst reikigjöld, óopinber gjaldskrá, gjaldskrá með föstum viðbótarreikigjöldum, gjaldskrár með mínútagjöldum sem eru lægri en hæsta verð í Evrópugjaldskránni eða gjaldskrár með uppsetningargjöldum (set-up charges).
- 25) Þeir sem veita reikijónustu í smásölu innan Bandalagsins skulu fá frest til að aðlaga verðskrá sína þannig að hún sé í samræmi við mörkin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 26) Eins skal þeim sem veita reikijónustu í heilðsölu innan Bandalagsins gefið aðlögunartímabil til að komast undir þau mörk sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 27) Þar sem er kveðið á um í þessari reglugerð að tilskipanirnar, sem mynda regluramman um rafræn fjarskipti frá 2002, hafi ekki áhrif á neina tiltekna ráðstöfun sem samþykkt er vegna reglna um reikigjöld í Bandalaginu fyrir símtal úr farsíma og þar sem þess kann að vera krafist í þessari reglugerð að þeir sem veita reikijónustu í Bandalaginu breyti smásölureiki-gjaldskráum sínum, í því skyni að uppfylla kröfur sem gerðar eru í þessari reglugerð, skulu slíkar breytingar ekki veita viðskiptavinum með farsíma neinn rétt, samkvæmt landslögum sem lögleiða regluramman um rafræn fjarskipti frá 2002, til að segja upp samningum sínum.
- 28) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á ný tilboð til viðskiptavina, sem bjóða gjöld lægri en hámarksgjöld í Evrópugjaldskránni eins og hún er skilgreind í þessari reglugerð, heldur hvetja til nýrra tilboða til reikiviðskiptavina með lægri gjöldum. Í þessari reglugerð er þess hvorki krafist að reikigjöld skuli innleidd að nýju þar sem þau hafa verið afnumin að fullu né heldur að þau reikigjöld sem fyrir eru séu hækkuð að þeim mörkum sem sett eru í þessari reglugerð.
- 29) Þjónustuveitendum heimaneta er heimilt að bjóða fast heildarmánaðargjald sem tekur til eðlilegrar notkunar og þar sem ekki er um að ræða nein gjaldtökumörk. Slíkt fastagjald gæti tekið til tal- og/eða gagnafjarskipta-þjónustu með reiki í Bandalaginu (þ.m.t. smáskilaboðþjónusta (SMS) og myndskilaboðþjónusta (MMS)).
- 30) Til að tryggja að allir notendur farsíma geti notið góðs af ákvæðum þessarar reglugerðar skulu kröfurnar um smásöluverðlagningu gilda hvort sem reikiviðskiptavinir eru með fyrirfram- eða eftirgreiðslusamning við þjónustuveitanda heimanets síns og hvort sem þjónustuveitandinn er með eigið net, rekur sýndarfarsímanet eða hann er endurseljandi farsímaþjónustu.
- 31) Ef þeim sem veita farsímaþjónustu í Bandalaginu þykir ávinningi af rekstrarsamhæfi og tengingu viðskiptavina sinna, enda á milli, teft í tvísýnu með uppsögn eða hættu á uppsögn á reikartilhögun við rekstraraðila farsímaneta í öðrum aðildarríkjum eða eru ófærir um að veita viðskiptavinum sínum þjónustu í öðru aðildarríki vegna þess að ekki er til samningur við a.m.k. einn rekstraraðila heilðsöluneta skulu innlend stjórnvöld nota, ef nauðsyn ber til, valdheimildir sínar skv. 5. gr. aðgangstilskipunarinnar til að sjá til þess að aðgangur og samtenging sé viðunandi í því skyni að tryggja þjónustu sem leyfir tengingu, enda á milli, og rekstrarsamhæfi með hliðsjón af markmiðum í 8. gr. ramma-tilskipunarinnar, einkum myndun fullkomlega starfandi innri markaðar fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu.
- 32) Til þess að auka gagnsæi smásöluverðs fyrir að hringja og taka móti reikisímtölum innan Bandalagsins, sem reglurnar eru settar um, og til að auðvelda reikiviðskiptavinum að taka ákvarðanir um notkun farsíma sinna þegar þeir eru í útlöndum skulu þeir sem veita farsímaþjónustu gera reikiviðskiptavinum sínum kleift að fá auðveldlega og sér að kostnaðarlausu upplýsingar um reikigjöld sem eiga við um þá þegar þeir hringja eða taka á móti símtali í aðildarríkinu sem heimsótt er. Enn fremur skulu veitendur gefa viðskiptavinum sínum, óski þeir þess og að kostnaðarlausu, viðbótarupplýsingar um mínútagjöld eða gjöld fyrir hverja gagnaeiningu (þ.m.t. virðisaukaskattur) þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum og einnig fyrir að senda og taka á móti smáskilaboðum, myndskilaboðum og vegna annarrar gagnafjarskipta-þjónustu í aðildarríkinu sem heimsótt er.

- 33) Með gagnsæi er þess einnig krafist að veitendur láti í té upplýsingar um reikigjöld, einkum Evrópugjaldskrána og heildarfastagjaldið, ef þeir bjóða slíkt, þegar fengin er áskrift og í hvert sinn sem breyting verður á reikigjöldum. Þjónustuveitendur heimaneta skulu veita upplýsingar um reikigjöld á viðeigandi hátt, s.s. með reikningum, á Netinu, í sjónvarpsauglýsingum eða með markpósti. Þjónustuveitendur heimaneta skulu tryggja að öllum reikivíðskiptavinum þeirra sé kunnugt um að þeim bjóðist gjaldskrár, sem byggjast á reglum, og þeir skulu senda skýrar og óhlutdrægar tilkynningar til þessara víðskiptavina þar sem lýst er skilyrðum Evrópugjaldskrárinnar og réttinum til að skipta yfir í hana eða hætta að nota hana.
- 34) Innlend stjórnvöld, sem bera ábyrgð á því að sinna verkefnum samkvæmt reglurammanum um rafræn fjarskipti frá 2002, skulu hafa þær valdheimildir, sem þörf er á, til að hafa eftirlit með og framfylgja skyldum samkvæmt þessari reglugerð á yfirráðasvæði sínu. Þau skulu einnig fylgjast með þróun á verðlagningu á tal- og gagnþjónustu farsímavíðskiptavina þegar þeir nota reiki innan Bandalagsins, þ.m.t., ef við á, tiltekinn kostnaður sem tengist því að hringja eða taka á móti reikisímtölum á ystu svæðum Bandalagsins og þörfinni á að tryggja að unnt sé að endurheimta þennan kostnað svo viðunandi sé á heildsölumarkaðnum og að ekki séu notaðar umferðarstyringaraðferðir til að takmarka val þannig að víðskiptavinirnir hljóti skaða af. Þau skulu tryggja að uppfærðar upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar séu gerðar aðgengilegar hagsmunaaðilum og að niðurstöður þessa eftirlits séu birtar á sex mánaða fresti. Upplýsingar skulu veittar sérstaklega fyrir hvern fyrirtækjavíðskiptavin, víðskiptavin sem greiðir eftirá og um víðskiptavin sem greiðir fyrirfram.
- 35) Reiki innanlands á ystu svæðum Bandalagsins, þar sem farsímaleyfi eru aðgreind frá þeim sem eru gefin út annars staðar á yfirráðasvæði þess lands, gæti notið góðs af lækkun á gjaldi til jafns við það sem tíðkast á reikimarkaði Bandalagsins. Framkvæmd þessarar reglugerðar skal ekki leiða til verðlagningar sem er óhagstæðari fyrir víðskiptavinum sem nota innanlandsreikþjónustu en víðskiptavinum, sem nota reikþjónustu innan Bandalagsins, njóta. Í þessu skyni geta innlend yfirvöld gert viðbótarráðstafanir í samræmi við lög Bandalagsins.
- 36) Í ljósi þess að til viðbótar við talsímþjónustu verður ný gagnafjarskiptþjónusta um farsíma æ algengari skal með þessari reglugerð gert kleift að fylgjast einnig með markaðsþróun þessarar þjónustu. Framkvæmdastjórnin skal því einnig fylgjast með markaðnum fyrir reikigagnafjarskiptþjónustu, þ.m.t. smáskilaboð og myndskilaboð.
- 37) Aðildarríkin skulu kveða á um viðurlagakerfi sem unnt er að beita ef brotið er gegn ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 38) Þar sem aðildarríkin geta hvorki á öruggan og samræmdan hátt né fljótt náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegri aðferð til að tryggja að notendur almennra farsímaneta greiði ekki óhóflegt verð fyrir reikþjónustu innan Bandalagsins þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum á ferðalagi innan Bandalagsins og ná þannig fram öflugri neytendavernd en tryggja um leið samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta, og þessu þar með betur náð á vettvangi Bandalagsins getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.
- 39) Þessari sameiginlegu aðferð skal komið á í tiltekið tímabil. Rýmka má eða breyta þessari reglugerð í ljósi endurskoðunar sem framkvæmdastjórnin annast. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort beiting þessarar reglugerðar skili árangri og að hvaða leyti hún stuðlar að framkvæmd regluramman og snurðulausri starfsemi innri markaðarins og einnig skal hún skoða áhrif þessarar reglugerðar á smærri veitendur farsímþjónustu í Bandalaginu og á stöðu þeirra á reikimarkaðnum innan Bandalagsins.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

## Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er tekin upp sameiginleg aðferð til að tryggja að notendur almennra farsímaneta á ferðalagi innan Bandalagsins borgi ekki óhóflegt verð fyrir reikþjónustu innan Bandalagsins þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum í talsímþjónustu og þannig stuðlað að snurðulausri starfsemi innri markaðarins og ná fram öflugri neytendavernd en tryggja um leið samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta og hvatningu til nýsköpunar og vals neytenda. Í henni er mælt fyrir um reglur varðandi gjöld sem rekstraraðilum farsímaneta er heimilt að leggja á fyrir að veita alþjóðlega reikþjónustu fyrir símtöl í talsímþjónustu með upphaf og lúkningu innan Bandalagsins og tekur bæði til gjalda milli rekstraraðila netkerfa í heildsölu og gjalda sem þjónustuveitendur heimaneta leggja á í smásölu.

2. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um reglur sem miða að því að auka gagnsæi í verðlagningu og bæta upplýsingamiðlun um gjöld til notenda reikilþjónustu innan Bandalagsins.

3. Þessi reglugerð telst vera sértæk ráðstöfun í skilningi 5. mgr. 1. gr. rammtilskipunarinnar.

4. Þau gjalddökumörk, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru gefin upp í evrum. Þar sem gjöldin, sem ákvörðuð eru í 3. og 4. gr., eru tilgreind í öðrum gjaldmiðlum skulu upphafleg mörk samkvæmt þessum greinum tilgreind í þeim gjaldmiðlum með því að nota viðmiðunargengið frá 30. júní 2007 sem Seðlabanki Evrópu birti í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Að því er varðar síðari lækku á þeim mörkum sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. skulu endurskoðuðu gildin ákvörðuð með því að nota viðmiðunargengið sem birt er mánuði fyrir þann dag sem endurskoðuðu gildin taka gildi.

2. gr.

#### Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunarinnar um aðgang, 2. gr. ramma-tilskipunarinnar og 2. gr. tilskipunarinnar um alþjónustu.

2. Til viðbótar við skilgreiningarnar, sem um getur í 1. mgr., er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „Evrópugjaldskrá“: gjaldskrá sem er ekki hæri en hámarksgjaldið sem kveðið er á um í 4. gr. og þjónustuveitandi heimanets getur lagt á, í samræmi við þá grein, fyrir reikisímtöl sem reglurnar eru settar um,

b) „þjónustuveitandi heimanets“: fyrirtæki sem sér reikivíðskiptavinum fyrir almennri, jarðfarsímaþjónustu, annaðhvort í gegnum sitt eigið net eða sem rekstraraðili sýndarfarsímanets eða endursöluaðili,

c) „heimanet“: almennt, jarðfarsímanet í aðildarríki sem notað er af þjónustuveitanda heimanetsins til að bjóða reikivíðskiptavinum almenna, jarðfarsímaþjónustu,

d) „reiki innan Bandalagsins“: notkun reikivíðskiptavinar á farsíma eða öðru tæki til að hringja eða taka á móti símtölum innan Bandalagsins, meðan hann er í öðru aðildarríki en því þar sem heimanet hans er staðsett, með samkomulagi milli rekstraraðila heimanetsins og rekstraraðila heimsóttá netsins,

e) „reikisímtal sem reglurnar eru settar um“: símtal úr farsíma sem reikivíðskiptavinur hringir frá heimsóttu neti og lýkur á almennu símneti innan Bandalagsins eða er móttekið af reikivíðskiptavinum með upphaf í almennu símaneti innan Bandalagsins og lúkningu á heimsóttu neti,

f) „reikivíðskiptavinur“: víðskiptavinur veitanda almennrar, jarðfarsímaþjónustu um almennt, jarðfarsímanet, sem staðsett er í Bandalaginu, sem hefur gert samning eða samkomuulag við þjónustuveitanda heimanets síns sem heimilur notkun farsíma eða annars tækis til að hringja eða taka á móti símtölum í heimsóttu neti með samkomulagi milli rekstraraðila heimanetsins og rekstraraðila heimsóttá netsins,

g) „heimsótt net“: almennt, jarðfarsímanet sem staðsett er í aðildarríki öðru en því þar sem heimanetið er og heimilur reikivíðskiptavini að hringja eða taka á móti símtölum með samkomulagi við rekstraraðila heimanetsins.

3. gr.

#### Heildsölugjöld fyrir reikisímtöl sem reglurnar eru settar um

1. Meðalheildsölugjald, sem rekstraraðili heimsóttá nets getur lagt á rekstraraðila heimanets reikivíðskiptavinar fyrir reikisímtal sem reglurnar eru settar um með upphaf á heimsóttá netinu, að meðtöldum m.a. upphafs- umflutnings- og lúkningarkostnaði, skal ekki vera herra en 0,30 evrur á mínútu.

2. Þetta meðalheildsölugjald skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabili eða styttra tímabil sé skemmrá þangað til reglugerðin fellur úr gildi. Hæsta meðalheildsölugjald skal lækka í 0,28 evrur 30. ágúst 2008 og í 0,26 evrur 30. ágúst 2009.

3. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal reiknað með því að deila heildartekjum af heildsölu á reiki með heildarfjölda reikimínútna sem viðkomandi rekstraraðili setur í heildsölu reikisímtala innan Bandalagsins á viðkomandi tímabili. Rekstraraðila heimsóttá netsins skal heimilt að gera greinarmun á gjaldi á álagstíma og gjaldi utan álagstíma.

4. gr.

#### Smásölugjöld fyrir reikisímtöl sem reglurnar eru settar um

1. Þjónustuveitendur heimaneta skulu skýrt og greinilega setja fram Evrópugjaldskrá, sem kveðið er á um í 2. mgr., og vera virkir í því að bjóða öllum reikivíðskiptavinum sínum hana. Þessi Evrópugjaldskrá skal ekki fela í sér nein tengd áskriftargjöld eða önnur föst eða endurtekin gjöld og hana má sameina öðrum smásölugjaldskrá.

Þegar tilboðið er lagt fram skulu þjónustuveitendur heimaneta minna reikivíðskiptavinum sína, sem höfðu fyrir 30. júní 2007 valið tiltekna reikigjaldskrá eða -pakka, á skilyrðin sem gilda um þá gjaldskrá eða pakka.

6. gr.

#### Gagnsæi smásölugjalda

2. Smásölugjald (að frátöldum virðisaukaskatti) í Evrópugjaldskrá sem þjónustuveitandi heimanets getur lagt á reikivíðskiptavin sinn fyrir reikisímtal, sem reglurnar eru settar um, getur verið breytilegt milli reikisímtala en skal ekki vera hærra en 0,49 evrur fyrir símtal sem hringt er eða 0,24 evrur fyrir símtal sem tekið er á móti. Verðþak fyrir símtöl, þar sem hringt er, skal lækka í 0,46 evrur og 0,43 evrur 30. ágúst 2008 og í 0,22 evrur og 0,19 evrur 30. ágúst 2009 fyrir símtöl sem tekið er á móti.

3. Öllum reikivíðskiptavinum skal boðin gjaldskrá eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. Öllum reikivíðskiptavinum sem fyrir eru skal gefið tækifæri á því fyrir 30. júlí 2007 að velja sérstaklega Evrópugjaldskrá eða aðra reikigjaldskrá og skulu þeim gefnir tveir mánuðir til að tilkynna þjónustuveitanda heimanets síns um valið. Gjaldskráin, sem valin er, skal tekin upp eigi síðar en einum mánuði eftir að þjónustuveitanda heimanets berst beiðni viðskiptavinar. Reikivíðskiptavinum, sem hafa ekki tilkynnt val sitt innan þessara tveggja mánaða, skal sjálfkrafa úthlutað Evrópugjaldskrá eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. Þó skulu reikivíðskiptavinir, sem höfðu fyrir 30. júní 2007 valið sérstaklega tiltekna reikigjaldskrá eða pakka annan en reikigjaldskrána sem þeim hefði verið úthlutað hefðu þeir ekki valið, og sem tilkynna ekki um val samkvæmt þessari málsgrein, áfram bundnir af þeirri gjaldskrá eða pakka sem þeir höfðu áður valið.

4. Reikivíðskiptavinur getur óskað eftir því hvenær sem er eftir að ferlinu, sem kveðið er á um í 3. mgr. er lokið, að skipta yfir í eða úr Evrópugjaldskrá. Öll skipti skulu framkvæmd án endurgjalds innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttækin og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskrifarinnar. Þjónustuveitandi heimanets getur frestað slíkum skiptum þar til fyrri reikigjaldskráin hefur verið í gildi í ákveðinn lágmarkstíma sem skal ekki vera lengri en þrjú mánuðir.

5. gr.

#### Beiting 3. og 6. gr.

1. Ákvæði 3. gr. skulu gilda frá 30. ágúst 2007.

2. Ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr. skulu gilda frá 30. september 2007.

1. Til að gera reikivíðskiptavinum viðvart um að hann þurfi að greiða reikigjöld þegar hann hringir eða tekur á móti símtali skal sérhver þjónustuveitandi heimanets, þegar viðskiptavinurinn kemur til aðildarríkis annars en þess þar sem heimanet hans er, nema að viðskiptavinurinn hafi tilkynnt þjónustuveitanda heimanets síns að hann þarfnist ekki þeirrar þjónustu, sjálfkrafa veita viðskiptavininum persónubundnar grunnupplýsingar um verðlagningu reikigjalda (að meðtöldum virðisaukaskatti) í gegnum skilaboðþjónustu, án óþarfa tafa og endurgjaldslost, sem viðskiptavinurinn þarf að greiða fyrir að hringja og taka á móti símtölum í aðildarríkinu sem heimsótt er. Í þessum persónubundnu grunnupplýsingum um verðlagningu skulu koma fram þau hámarksgjöld sem viðskiptavinurinn kann að þurfa að greiða samkvæmt gjaldskrárfyrirkomulagi sínu fyrir símtöl frá landinu sem heimsótt er til aðildarríkisins þar sem heimanet hans er, og fyrir móttækin símtöl. Í þeim skal einnig koma fram símanúmerið, sem um getur í 2. mgr., þar sem hægt er að fá ítarlegri upplýsingar endurgjaldslost. Viðskiptavinur sem hefur tilkynnt að hann þarfnist ekki sjálfvirku skilaboðþjónustunnar skal eiga rétt á því, hvenær sem er og endurgjaldslost, að óska eftir því að þjónustuveitandi heimanetsins veiti þjónustuna á ný. Þjónustuveitendur heimaneta skulu veita blindum eða sjónskertum viðskiptavinum persónubundnu grunnupplýsingarnar um verðlagningu sjálfkrafa og endurgjaldslost með símtali í talsímabjónustu óski þeir eftir því.

2. Til viðbótar við ákvæði 1. mgr. skulu viðskiptavinir eiga rétt á því að óska eftir og fá endurgjaldslost ítarlegri persónubundnar upplýsingar um verðlagningu reikigjalda sem gilda um símtöl í talsímabjónustu, smáskilaboð, myndskilaboð og aðra gagnafjarskiptaþjónustu með símtali í farsímabjónustu eða með smáskilaboðum. Slík beiðni skal berast með símtali í endurgjaldslost númer sem þjónustuveitandi heimanets tilgreinir til notkunar í þeim tilgangi.

3. Þjónustuveitendur heimaneta skulu veita öllum notendum tæmandi upplýsingar um viðeigandi reikigjöld, einkum Evrópugjaldskrána, þegar þeir gerast áskrifendur. Þeir skulu einnig veita reikivíðskiptavinum sínum upplýsingar um breytingar á viðeigandi reikigjöldum, án óþarfa tafa, í hvert sinn sem breytingar verða á þessum gjöldum.

Þjónustuveitendur heimaneta skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að allir reikivíðskiptavinir þeirra séu meðvitaðir um að þeim standi Evrópugjaldskráin til boða. Þeir skulu einnig tilkynna öllum reikivíðskiptavinum fyrir 30. júlí 2007 um skilyrði Evrópugjaldskrárinnar á skýran hátt og án mismununar. Þeir skulu senda áminningar með eðlilegu millibili þaðan í frá til allra viðskiptavina sem hafa kosið aðra gjaldskrá.

7. gr.

**Eftirlit og framkvæmd**

1. Innlend stjórnvöld skulu hafa eftirlit og umsjón með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar á yfirráðasvæði þeirra.

2. Innlend stjórnvöld skulu sjá til þess að uppfærðar upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar, einkum 3. og 4. gr., séu fánlegar opinberlega með þeim hætti sem gerir hagsmunaaðilum kleift að hafa greiðan aðgang að þeim.

3. Innlend stjórnvöld skulu til undirbúnings fyrir endurskoðunina, sem kveðið er á um í 11. gr., fylgjast með þróun heilðsölu- og smásölugjalda fyrir að veita reikivíðskiptavinum tal- og gagnafjarskiptaþjónustu, þ.m.t. smáskilaboð og myndskilaboð, m.a. á ystu svæðum Bandalagsins sem um getur í 2. mgr. 299. gr. sáttmálans. Innlend stjórnvöld skulu einnig vera á varðbergi fyrir tilvikum þar sem þvingað reiki á sér stað á landamærasvæðum samliggjandi aðildarríkja og fylgjast með því hvort aðferðum til að stýra umferð sé beitt þannig að víðskiptavinir verði fyrir óhagræði. Þau skulu senda framkvæmdastjórninni niðurstöður slíks eftirlits, þ.m.t. sérstakar upplýsingar um fyrirtækjaviðskiptavini og víðskiptavini sem greiða fyrirfram og eftir á, á sex mánaða fresti.

4. Innlend stjórnvöld skulu hafa heimild til að krefjast þess að fyrirtæki, sem bundin eru skyldum samkvæmt þessari reglugerð, veiti allar viðeigandi upplýsingar um beitingu og framkvæmd reglugerðarinnar. Þessi fyrirtæki skulu veita slíkar upplýsingar tafarlaust ef þeirra er óskað og innan þeirra tímamarka og með þeirri nákvæmni sem innlent stjórnvald krefst.

5. Innlendum stjórnvöldum er heimilt að grípa inn í hvenær sem er að eigin frumkvæði til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð. Ef nauðsyn krefur skulu þau einkum nýta sér það vald sem þeim er fengið skv. 5. gr. tilskipunarinnar um aðgang til að tryggja fullnægjandi aðgang og samtengingu svo tryggja megi tengingu enda á milli og rekstrarsamhæfi reikiþjónustu.

6. Komist innlent stjórnvald að því að brotið hafi verið gegn skyldunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skal það hafa heimild til að krefjast þess að slíkt brot verði stöðvuð án tafar.

8. gr.

**Lausn deilumála**

1. Ef upp kemur deilumál í tengslum við skyldurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð milli fyrirtækja sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu í aðildarríki skal sú málsmeðferð fyrir lausn deilumála, sem mælt er fyrir um í 20. og 21. gr. rammtilskipunarinnar, gilda.

2. Ef lausn fæst ekki í deilumáli, sem neytandi eða notandi á hlut að og varðar málefni sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, skulu aðildarríkin tryggja að málsmeðferðin fyrir lausn deilumála utan dómstóla, sem mælt er fyrir um í 34. gr. tilskipunarinnar um alþjónustu, sé tiltæk.

9. gr.

**Viðurlög**

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 30. mars 2008, og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

10. gr.

**Breyting á tilskipun 2002/21/EB (rammatilskipun)**

Eftirfarandi málsgrein bætist við 1. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipun):

„5. Þessi tilskipun og sértilskipanirnar skulu ekki hafa áhrif á sértækar ráðstafanir sem samþykktar eru vegna setningar reglna um alþjóðlegt reiki í almennum farsímanetum innan Bandalagsins.“

11. gr.

**Endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða framkvæmd þessarar reglugerðar og leggja skýrslu um málið fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 30. desember 2008. Framkvæmdastjórnin skal einkum meta hvort markmið þessarar reglugerðar hafi náðst. Í skýrslunni skal framkvæmdastjórnin endurskoða þróun heilðsölu- og smásölugjalda fyrir að veita reikivíðskiptavinum tal- og gagnafjarskiptaþjónustu, þ.m.t. smáskilaboð og myndskilaboð, og skal, ef við á, setja í hana tilmæli varðandi þörf á reglum um þessa þjónustu. Framkvæmdastjórnin má í þessum tilgangi nota upplýsingarnar sem veittar eru skv. 3. mgr. 7. gr.

2. Í skýrslunni skal framkvæmdastjórnin meta hvort þörf sé á því, í ljósi þróunar á markaðnum og með tilliti til bæði samkeppni og neytendaverndar, að framlengja gildistíma þessarar reglugerðar umfram það sem mælt er fyrir um í 13. gr. eða breyta henni með hliðsjón af þróun gjalda fyrir tal- og gagnafjarskiptaþjónustu í farsíma á landsvísu og áhrifa sem þessi reglugerð hefur á samkeppnisstöðu lítilla, óháðra eða nýrra rekstraraðila. Ef framkvæmdastjórnin kemst að því að slíkt þörf sé til staðar skal hún leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

12. gr.

**Tilkynningaskylda**

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 30. ágúst 2007, tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða innlenda stjórnvald beri ábyrgð á því að annast verkefni samkvæmt þessari reglugerð.

13. gr.

**Gildistaka og lok gildistíma**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún fellur úr gildi 30. júní 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júní 2007.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. PÖTTERING

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. MERKEL

*forseti.*

---

B-deild – Útgáfud.: 17. nóvember 2008